

Sp. 391. Tillaga til þingsályktunar [203. mál]
um merkingu bifreiða öryrkja.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að láta merkja allar bifreiðar öryrkja, svo að þeim verði sýnd aukin tillitssemi í umferðinni.

Greinargerð.

Með stórauðinni bifreiðaeign landsmanna og sívaxandi umferðarpunga á vegum hefur og mjög aukizt, að karlar og konur, sem hlotið hafa ýmiss konar örorku, eigi og aki bíl. Margt af þessu fólki er stórlega fatlað og þarf mjög á sinu farartæki að halda, en jafnljóst er hitt, að það þarf á fyllstu tillitssemi að halda af hendi annarra í umferðinni, en ætla má, að þá tillitssemi verði mun auðveldara að veita, ef merkningar bíla öryrkja verða teknar upp.

Einhverjir kunna að segja, að ekki sé ætíð auðgert að draga skilin: öryrki, ekki öryrki. En hér má að sjálfsgöðu leggja til grundvallar úthlutun ríkisins á bifreiðum til öryrkja, þar sem eftirgjöf á aðflutningsgjaldi er veitt, og auk þess mun Bifreiða-
eftirlit ríkisins hafa fulla vitneskju um bifreiðaeign öryrkja. Loks má ætla, að margur öryrkinn leiti sjálfur með bifreið sína til merkingar, þegar sá háttur hefur verið tekinn upp, sér og öðrum til aukins öryggis.